

Fundargerð 49. fundar skráningarráðs Gegnis miðvikudaginn 11. nóvember 2009
haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 9.00.

Fundarmenn: Anna Sveinsdóttir, Gunnhildur Loftsdóttir (fundarritari), Sigrún J. Marelsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður). Auk þess sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis, Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri hjá Landskerfi bókasafna og Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna.

1. Fundargerð 47. fundar. - Fundargerð 47. fundar yfirfarin. Liður 3: Sigrún H. segir frá því að hún og Fanneý hafi fundið lausn á því hvernig finna má rafrænt efni í Gegni.is, þegar leit er takmörkuð við safn. - Í framhaldi af því sýnir hún hvernig FMT í rafrænni færslu verður að vera TYP og SE til að þetta virki. Þetta er gert í prófunarumhverfi Gegnis (snorri.lb.is). Rafræna efnið verður sýnilegt eftir næstu indexeringu og þá verður einnig sýnilegt logo fyrir það efni í notendaviðmóti Gegnis. Liður 6: Webinar: horft var á þögla útsendingu um „Bibliographic Control Alphabet Soup: AACR to RDA and Evolution of MARC“ þann 14. október, glærurnar nýttust til þess að fylgjast með framvindu. Fundargerð 47. fundar þar með samþykkt.

2. Drög að reglum um skráningu á hljóðritaðri tónlist – gátlisti. Tillögur frá vinnuhópi um tónlistarskráningu, með athugasemdum frá skrásetjurum Landsbókasafns-Háskólabókasafns. Nýja skjalið lesið og vitnað í það sem til var fyrir, nauðsynlegt að hafa sem ítarlegastar leiðbeiningar í skjalinu, svo vinnulag verði eins hjá skrásetjurum. Í sviði 039 \$f má ekki hrófla við sérefniskóðum - sem söfn hafa fengið úthlutað hjá ritstjórum Gegnis. Í sviði 245 er hefð á Lbs-Hbs fyrir röðinni í ábyrgðaraðildinni: 1) höfundur lags, 2) höfundur texta 3) útsetning 4) flytjandi 5) stjórnandi. Þarf að setja í leiðbeiningarskjalið að á eftir \$h þarf skrásetjari að færa sjálfur inn öll greinarmerki í sviði 245. Svið 508 (ábyrgðaraðild) má taka út, svið 500 á að nota í stað sviðs 518 (tími/staður) og svið 534 (upprunaleg útgáfa) er sýnilegra í Gegni.is, heldur en almennt 500. Þó er upp og ofan hvort skrásetjarar tónlistar skrái upplýsingar um upptökur. Landskerfi hefur verið að taka 500 sviðið í gegn og verður þeirri vinnu haldið áfram. Greinarmerkjasetning í sviði 505 (efnistal) er oft heldur ruglandi, en dæmi í handbók skrásetjara leiðir fólk á rétta leið. Vitnað í að „; og / “ eru hjón og standa saman í því sviði en „ -- “ er eitt á báti. Hildur og Þóra ætla að fara yfir skjalið og senda vinnuhópnum aftur. Þegar reglurnar verða tilbúnar verða þær settar á síðu skráningarráðs, undir nafni vinnuhópsins. Í framhaldi af þessari umræðu var talað um síðu skráningarráðs, hún þarfnast uppfærslu.

3. **Færsluveiðar.** Skrásetjarar lesa ekki leiðbeiningar um færsluveiðar og lagfæringu á sóttum færslum. Þetta verður fjallað um á næsta fræðslufundi skrásetjara. Skráningarráð sendir út áminningu um vönduð vinnubrögð.
4. **Skráning ritraða.** Rifjaður upp póstur frá Rögnu Steinarsdóttur á Vöndu um ritraðir og notkun sviðs 440 og svo þess sem tekur við af því, sviða 490 og 8xx. Þarf að uppfæra dæmin í handbókinni. Þessi skráning verður eitt aðalfundarefnið á fyrirhuguðum fræðslufundi.
5. **Biblía vs Biblían.** Skráningarráð samþykkir að nota Biblían, bæði í samræmdum titli og sem efnisorð. Þetta er í samræmi við orðnotkun annars staðar í heiminum. Biblían verður notað hvort heldur sem er um Biblíuna sjálfa eða umfjöllun um hana. Markmiðið er að einfalda leitir og gera þær skilvirkari. Bent á að leitarhegðun notenda hefur ekki verið könnuð hér, en erlendis hefur verið sýnt framá að því færrí „klikk“ að niðurstöðu leitar, því betra.
6. **Höfundur/útgefandi.** Ef höfundur er jafnframt útgefandi og orðið „höfundur“ er notað á ritinu sjálfu á að skrifa fullum fetum höfundur í \$b deilisviðið í sviði 260. Þetta er í samræmi við RDA og FRBR – það sem koma skal. Ýmsar breytingar samkvæmt RDA kalla á breytt hugarfar og nýja hugtakavinnslu og t.d. er eitt af því að leggja niður skammstafanir.
7. **Önnur mál.** a) **Skjal** um afturköllun skráningarheimilda skoðað, rætt um skyldur skrásetjara. b) **SFX classic.** Sveinbjörg segir frá og sýnir dæmi um hvernig leitarviðmót SFX classic samþættir leitir í landsaðgangi að tímaritum með Gegni.is og Timarit.is og nýtist sem gátt að greinum (rafrænt) og tímaritaforða (prentuðu máli). c) **Lesefnið um RDA og FRBR** sem Hildur sendi öllum. Það kostar undirbúning að taka upp RDA. Vinna þarf að því að íslenska helstu hugtök sem nota á, en þetta kallar á víðsýni og jákvæðni.

Næsti fundur ákveðinn 9. desember klukkan 9.00. Minnt á samráðsfund skráningarráðs, með Landskerfi og Alefli 1. desember klukkan 13.00.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið klukkan 11.20